

Skólanámskrá

2024 – 2025



Vallaskóli

Virðing - þekking - lífsgleði

Nám og kennsla

2. árgangur

Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar	4
Viðmiðunarstundaskrá	4
Teymið í 2. árgangi	4
Aðrir kennarar	5
Samþætting námsgreina	5
Námsmat	5
Skólanámskrár námsgreina	6
Íslenska	6
Kennsluskipulag	6
Námsþættir	7
Námsefni	7
Námsmat	8
Lesfímiviðmið	8
Stærðfræði	9
Kennsluskipulag	9
Námsþættir	9
Námsefni	9
Námsmat	10
Samfélags- og náttúrufræði	10
Kennsluskipulag	11
Námsþættir	11
Námsefni	11
Námsmat	12
Skólaípróttir.....	12
Kennsluskipulag	12
Námsþættir	12

Námsmat	13
Heimilisfræði	13
Kennsluskipulag	13
Námsþættir	14
Námsefni	14
Námsmat	14
Hönnun og smíði	15
Kennsluskipulag	15
Námsþættir	15
Námsefni	15
Námsmat	15
Myndmennt	16
Kennsluskipulag	16
Námsþættir	16
Námsefni	17
Námsmat	17
Textílmennt	17
Kennsluskipulag	17
Námsþættir	17
Námsefni	18
Námsmat	18
Tónmennt	18
Kennsluskipulag	18
Námsþættir	19
Námsefni	19
Námsmat	20

Grunnupplýsingar

Skólaárið 2024 – 2025 er 52 nemendur í 2. árgangi, 26 drengir og 26 stúlkur. Umsjónarstofur árgangsins eru Ú1, Ú2 og Útgarður. Alls eru nemendur í 30 kennslustundir á viku sem skiptast niður á námsgreinar samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Skóladagurinn hefst kl. 8:10 alla virka daga og lýkur kl. 13:00. Hádegishlé er kl. 11:30 – 12:00 þar sem boðið er upp á gjaldfrjálsan hádegisverð. Frímínútur með útiveru eru alla virka daga kl. 9:30 – 9:50 og að loknum hádegisverði. Þeir nemendur sem eru skráðir á frístundaheimilið Bifröst fara þangað kl. 13:00.

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	8 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Samfélags- og náttúrugreinar	5 kennslustundir
Lífsleikni	1 kennslustund
List- og verkgreinar	3 kennslustundir
Sköpun/útikennsla	2 kennslustundir
Upplýsingatækni	1 kennslustund
Íþróttir	2 kennslustundir
Sund	1 kennslustund
Val	1 kennslustund

Samtals: 30 kennslustundir á viku

Teymið í 2. árgangi

Umsjónarkennarar: Anna Hrund Helgadóttir, Erna Stefnisdóttir og Valgerður Rún Heiðarsdóttir

Stuðningsfulltrúar: Arndís María Ingólfssdóttir, Sjöfn Friðriksdóttir og Sonja Hafdís Poulsen

Sérkennarar: Guðrún María Sæmundsdóttir og Heiðís Þorsteinsdóttir

Proskafjálfi: Guðný Guðjónsdóttir

Atferlisfræðingur: Guðbjörg Bjarnar Guðjónsdóttir.

Aðrir kennarar

- Íþróttir - Einar Ottó Antonsson, Sigríður Baxter Þorláksdóttir og Gylfi Sigurjónsson
- Sund – Aleksandar
- Heimilisfræði - Erna Stefnisdóttir
- Myndmennt – Valgerður Rún Heiðarsdóttir
- Textílmennt - Anna Hrund Helgadóttir
- Tónmennt - Daniela Welling
- Smíði - Tinna Ýr Einisdóttir

Samþætting námsgreina

Námsgreinar í fléttast saman á margvíslegan hátt og má segja að sköpun sé stór hluti af námi nemenda í 2. árgangi þar sem unnið er með námsefnið á lifandi og skemmtilegan hátt. Íslenskan er rauði þráðurinn í gegnum allar námsgreinar sem og lífsleiknin sem unnið er með jafnt og þétt til að auka skólafærni nemenda.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati kennara yfir allt skólaárið og tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum námsgreinum. Hæfniviðmið eru metin jafnóðum og verkefnum/könnunum lýkur. Foreldrar/forráðamenn hafa greiðan aðgang að matinu og eru hvattir til að fylgjast með því í Mentor. Notast er við hæfnitákn til að meta hvert hæfniviðmið. Lokamat í bókstöfum er gefið í íslensku, stærðfræði og skólaíþróttum að vori. Í öðrum námsgreinum er lokamat gefið í hæfnitáknum.

Skólanámskrár námsgreina

Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er undirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Tjáning í ræðu og riti er ein af forsendum þátttöku í samfélaginu. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Hlutverk íslenskukennslu og máluppeldis er viðtækt og margbrotið s.s. að efla tjáningu og sköpun í rituðu og töluðu máli.

Kennsluskipulag

Íslenska er kennd sem námsgrein í 8 kennslustundir á viku í 1. - 4. árgangi.

Í lestrarkennslu í 2. árgangi er stuðst við hljóðaaðferðina. Hljóðaaðferðin er vel rannsökuð kennsluaðferð og almennt viðurkennt að hún sé skilvirkasta leiðin til að kenna umskráningu. Gildir þar einu hvort um er að ræða börn sem læra fyrirhafnarlítið að lesa eða börn með undirliggjandi veikleika.

Rannsóknir benda til þess að góð hljóðkerfisvitund og þekking barna á bókstöfum og hljóðum þeirra, áður en formlegt lestrarnám hefst, hafi mikið forspárgildi fyrir það hversu hratt og vel börn verða umskráningarfær.

Einnig hefur verið bent á að sjálfvirk og fyrirhafnarlaus tenging allra bókstafstákna og viðeigandi hljóðs liggja til grundvallar góðri umskráningarfærni og því er mikilvægt að tryggt sé strax á fyrsta ári í lestrarkennslu, að því gefnu að barn hafi til þess forsendur, að barnið læri að tengja saman bókstaf og hljóð án umhugsunar.

Allur skilningur byggir orðaforða lesarans sem verður til í gegnum samskipti, nám og reynslu. Þeir lesarar, sem hafa góðan orðaforða, hafa mikið forskot í námi á þá sem hafa hann ekki. Lesskilningsaðferðir eru kenndar til að hjálpa nemendum í glímu sinni við texta og byggja þær á rannsóknum á því hvernig góðir lesarar nálgast og vinna með texta.

Megintilgangur ritunar er að miðla efni til annarra, halda utan um og móta eigin hugsun. Þetta ætti að vera útgangspunktur kennslunnar. Þótt tæknileg færni eins og skrift, innsláttur á lyklorð og stafsetning sé ein af undirstöðum textaritunar má áherslan á þann þátt ekki

yfirtaka alla ritunarkennslu. Gott getur verið að leggja ákveðin atriði inn sérstaklega, svo sem hvernig dregið er til stafs og helstu stafsetningarreglur en þessi færni æfist líka í allri textavinnu.

Algengt er að innan hvernar skólastofu sé sett upp hringekjuvinna þar sem unnið er með fjölbreytt íslenskuverkefni í stuttum lotum. Hringekjuvinna unnin í samstarfi við sérkennara og þroskaþjálfara til að búa til minni hópa þar sem hægt er að koma betur til móts við þarfir hvers og eins. Nemendur lesa daglega í skólanum og lögð er áhersla á heimalestur. Unnið með bókstafi, málfræði, lesskilning, skrift og ritun í námsefni (sjá hér að neðan) bæði í hringekju og einstaklingsvinnu.

Námsþættir



Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 1.-4. árgang í fjóra þætti;

- Talað mál, hlustun og áhorf
- Lestur og bókmenntir
- Ritun
- Málfræði

Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Námsefni

- Upprifjun á öllum bókstöfum og máhljóðum í upphafi skólaársins
- Ritrún 1 og 2
- Skrift – Síðuskólaskrift. Ítalíuskrift 2a og 2b. Forskrift í stílabók. Ritun eftir upplestri og sóknarskrift af Læsisvefnum.



- Lesskilningur - Litla lesrún, Glókollur, Húsdýrin, Stafrófsbókin og ýmis útprentuð verkefni af vef.
- Ýmis verkefni unnin, bæði hlutbundin, óhlutbundin verkefni og spil í hringekjuvinnu.
- Unnið með nokkra söngtexta yfir árið og valin orð úr textunum til að vinna með nánar
- Útprentað efni af vef í tengslum við námsefni hverju sinni. Ýmis stök málfræðiverkefni, krossgátur og fleira.
- Ýmis smáforrit í spjaldtölvum, s.s. Orðagull og Eldgrímur dreki af mms.is

Námsmat

Notast er við símat sem byggir á verkefnum og könnunum sem eru lögð fyrir yfir allt skólaárið. Niðurstöður birtast reglulega á hæfnikorti nemandans í Mentor.

Lesfimiviðmið

Lesfimi er hluti af margvíslegri færni sem barn þarf að tileinka sér. Í henni felst að texti er lesinn á nákvæman og sjálfvirkan hátt. Góð lesfimi birtist í góðum leshraða þar sem texti flæðir vel og án áreynslu þannig að barnið getur einbeitt sér að því að skilja textann. Lesfimi birtist einnig í því að hljómfall lestrar er í samræmi við innihald texta.

Hér eru viðmið í lesfimi fyrir 2. árgang miðað við lesfimipróf í maí:

	Viðmið 1	Viðmið 2	Viðmið 3
2. árgangur	40 orð á mínútu	85 orð á mínútu	100 orð á mínútu

Nemendur fara þrisvar yfir skólaárið í lesfimipróf, í september, janúar og maí. Niðurstöður eru birtar í Mentor. Hliðarprófin, sjónrænn orðaforði og orðleysur í janúar og maí eru lögð fyrir þá nemendur sem ekki hafa náð viðmiðum 1 í lesfimi til að skima fyrir lestrarerfiðleikum.

Stærðfræði

Megintilgangur stærðfræðináms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Nemendur fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem tengjast veruleika þeirra og daglegu lífi. Með þeim hætti þróa þeir skilning sinn á stærðfræðihugtökum og notkun þeirra. Kennslu í stærðfræði þarf að haga þannig að nemendur fái áhuga á stærðfræði og öðlist tiltrú á eigin hæfni til að beita henni við margvíslegar aðstæður.

Kennsluskipulag

Stærðfræði er kennd sem námsgrein í 6 kennslustundir á viku í 1. - 4. bekk.

Kennsluaðferðir í stærðfræði eru fjölbreyttar til að styðja sem best við nám nemenda og koma til móts við mismunandi þarfir þeirra. Má þar nefna m.a. innlögn eða bein kennsla, para- og/eða hópverkefni, námsleikir, spil, þrautir, vinnubókarvinna, útikennsla, verklegar æfingar og þjálfunarforrit. Kennsla inn í bekk, stöðvavinna, svæðavinna og útikennsla.

Námsþættir


Í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmiðin í stærðfræði fyrir 1. - 4. bekk í sjö þætti.

- að geta spurt og svarað með stærðfræði
- kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar
- vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar
- tölur og reikningur
- algebra
- rúmfræði og mælingar
- tölfræði og mælingar

Námsefni

- Sproti 2a og 2b, nemendabók og æfingahefti
- Evelytes forrit í spjaldtölvu og vinnubók unnin samhliða
- Stærðfræðispæjarar 1 og 2

- Ýmis verkefni unnin, bæði hlutbundin, óhlutbundin verkefni og spil í hringekjuvinnu
- Ýmis smáforrit í spjaldtölvum, s.s. Osmo, Numbers, Tangram, Georg og félagar og efni af mms.is
- Aukaefni, s.s. Viltu reyna? Eining og Stærðfræðihefti.



Námsmat

Notast er við símat sem byggir á verkefnum og könnunum sem eru lögð fyrir yfir allt skólaárið. Niðurstöður birtast reglulega á hæfnikorti nemandans í Mentor.

Samfélags- og náttúrufræði

Samfélagsgreinar fjalla um samfélög og menningu og gegnir hver fræðigrein innan samfélagsfræðinnar ákveðnu hlutverki. Í sögukennslu er fjallað um fjölbreytt samfélög og einstaklinga frá fortíð til samtíma. Landfræðin fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum. Trúarbragðafræði er ætlað að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi að leiðarljósi. Lífsleikni kennir hvernig mögulegt er að efla siðvit og ræða saman um siðferðileg álitamál.

Í náttúrufræðikennslu er áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Nemendur fá tækifæri til að taka afstöðu til verndunar og nýtingar náttúruauðlinda og sjálferrar þróunar. Rökræða álitamál sem varða umgengni við náttúruna, tækni og nýjustu vísindi. Þannig eflist þekking og skilningur nemenda á grundvallamarkmiðum sjálfberrar þróunar.

Kennsluskipulag

Samfélags og náttúrufræði eru 6-7 kennslustundir á viku í 1.- 4. árgangi.

Í samfélags og náttúrufræði er stuðst við kennslubókina Halló heimur 1 og 2, lesbók og vinnubók. Námsefnið er fjölbreytt og víða komið við sögu. Stefnt er að því að hvert og eitt barn vakni til umhugsunar um umheiminn í víðu samhengi og byggi ofan á þá kunnáttu sem fyrir er. Einnig er stuðst við námsefni MMS, Komdu og skoðaðu ritröðina sem við notum til að dýpka á efni hvers kafla.

Í námsefninu fylgjumst við með níu börnum sem eru að stíga fyrstu skrefin á menntabrautinni. Þau eru fróðleiksfús og uppátækjasöm og enda á því að stofna Grúskfélag. Meðlimir Grúskfélagsins eru þverskurður af íslensku samfélagi, með ólíkan bakrunn, reynslu og áhugasvið og saman lenda þau í ýmsum ævintýrum. Hver kafli byrjar með grúksögu sem er innleiðing í efni kaflans.

Námsþættir

- Umferðin
- Fjölskyldan
- Umhverfið okkar
- Sjálfsmyndin
- Vatn
- Loft og hljóð
- Líkami og sál
- Fuglar og villt spendýr

Námsefni

- Halló heimur 1
- Halló heimur 2



Námsmat

Fyllt er inn í hæfnikort um leið og hver kafli er kláraður um. Ekki er gefin lokaeinkunn í faginu.

Skólaíþróttir

Í skólaíþróttum er lögð áhersla á að nemendum sé kynnt hvað felst í heilbrigðum lífsháttum og góðum samskiptum auk þess að byggja upp jákvæða sjálfsmynd þeirra. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Með áherslu á daglega hreyfingu er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar. Í skólaíþróttum fá nemendur einnig fræðslu um mikilvægi hreyfinga og hreinlætis auk fræðslu um staðalmyndir og umræðu um einelti og annað ofbeldi.

Kennsluskipulag

Skólaíþróttir skiptast í íþróttir og sund.

Allur árgangurinn er saman í íþróttum. Íþróttir eru kenndar tvisvar sinnum í viku 40 mínútur í senn. Sund er kennt 1 kennslustund á viku 40 mínútur í fjórum hópum.

Námsþættir

Sund:

- Bringusund
- Baksund
- Stílsund

- Björgunarsund
- Skriðsund
- Kafsund
- Flugsund
- Skólabaksund
- Ýmsir sundleikir

Íþróttir:

- Efla þol og styrk
- Samhæfingar og teygjur
- Einnig almenn lykilhæfni s.s. samstarf í hópi, stundvís og kurteisi bæði í sundi og íþróttum

Námsmat

- Verklegr próf
- Símat sett inn á hæfnikort í Mentor
- Mæting og virkni
- Hegðun og framkoma

Heimilisfræði

Heimilisfræði er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni, fjármálalæsi, neytendavitund og verndun umhverfis. Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og holla matargerð. Þekking og leikni í heimilisstörfum er kjarni heimilisfræðinnar og honum tengjast allir þættir námsins, fræðilegir sem verklegir.

Kennsluskipulag

Í heimilisfræði er fengist bæði við verklega og bóklega kennslu. Samþætting er eins og kostur er á bóklegum og verklegum þætti námsins með því til dæmis að kenna næringar-, matvæla- og neytendafræði í beinum tengslum við matargerð og innkaup. Verklegr kennsla fer aðallega fram í

kennslueldhúsum og bókleg kennsla fer fram ýmist í kennslueldhúsinu í tengslum við verklega kennslu eða í öðrum kennslustofum skólans. Verkleg þjálfun liggur eins og rauður þráður í gegnum allt heimilisfræðinámið.

Námsþættir

Heimilisfræðin fæst við að auka þekkingu og leikni í heimilisstörfum og að stuðla að upplýstum og meðvituðum neytendum. Aðalinntaki heimilisfræðinnar má skipta niður í nokkra skylda námsþætti sem snerta daglegt líf nemenda.

Þessir þættir eru:

- Næring og hollusta
- Matreiðsla og vinnubrögð
- Matvælafræði
- Hreinlæti
- Neytendafræði
- Umhverfisvernd

Námsefni

Kennslubókin Heimilisfræði 2. Í bókinni eru einfaldar uppskriftir í bland við fróðleik um heilbrigða lífshætti, neysluvenjur og umhverfisvernd.



Námsmat

Þar sem verkleg þjálfun er stór hluti heimilisfræðinnar fer fram símat í Mentor á framförum nemenda. Verkefni og vinnubækur nemenda eru einnig metnar ásamt lykilhæfni.

Hönnun og smíði

Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Kennsluskipulag

Hönnun og smíði í 2. árgangi er kennd á fjölbreyttan hátt í gegnum innlagnir, verklegar æfingar, sjálfstæða vinnu nemenda og samstarf.

Hver lota er um 8-9 skipti, 60 mín í senn tvisvar í viku.

Námsþættir

Nemandi kynnist ýmsum áhöldum og verkfærum greinarinnar, mismunandi efnivið til trésmíða ásamt því að geta skipulagt vinnu sína og unnið sjálfstætt. Komið er inn á ýmsa sköpun og skissuvinnu.

Námsefni

- Tæki og áhöld greinarinnar
- Efni frá kennara
- Fjölbreyttur efniviður
- Veraldarvefurinn

Námsmat

Námsframvinda og hæfni nemenda er metin jafnóðum yfir tímabilið á hæfnikorti Mentor. Tákn eru gefin fyrir hæfniviðmið og hæfnieinkunn í lok hvers tímabils. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þar sem verkefni nemenda, virkni og vinnusemi er metin jafn óðum yfir önnina.

Myndmennt

Allir hafa hæfileika til að skapa. Í myndmennt fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska þann hæfileika, dýpka hann og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir veга og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu.

Kennsluskipulag

Myndmennt er kennd sem námsgrein í 3 kennslustundir á viku í 2. árgangi í 8-9 vikur í einu.

Hver nemandi fer tvisvar sinnum í viku í myndmennt í eina og hálfu kennslustund í senn í 8-9 vikur.

Byrjað er á að búa til myndmenntarmöppu þar sem að nemendur geyma verkin sín sín í. Í hverjum tíma er unnið með ákveðið verkefni sem er klárað í tímanum eða í tímanum á eftir.

Allir nemendur vinna sömu verkefnið en á mismunandi hátt.

Námsþættir

Að nemendur geti:

- Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.
- Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.
- Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.
- Fjallað um eigin verk og annarra.
- Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.
- Greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans.

Námsefni

Ýmis konar efniviður notaður í fjölbreytt efni svo sem:

- vatns- og acrílmálning
- vatnslitir
- klessulitir
- blek
- tússpennar
- tvær tegundir af pasta
- fjölbreyttur pappír
- lím

Námsmat

Notast er við símat sem byggir á þeim verkefnum sem eru tekin fyrir á tímabilinu og einnig eru ákveðin lykilhæfni metin. Niðurstöður birtast á hæfnikorti nemandans í Mentor þegar tímabilinu er lokið.

Textílmennt

Textílmennt er yfirgrípsmikil grein sem á sér djúpar rætur í menningu og sögu þjóðarinnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist á handverkshefð, þekkingaröflum, hugmyndavinnu og sköpun. Áhersla er lögð á framkvæmd, ferli, nýja tækni og sjálfstæð vinnubrögð sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Í textílnámi greina nemendur, meta og setja textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Kennsluskipulag

Textílmennt er kennd sem námsgrein í 3 kennslustundir á viku í 2. árgangi í 8-9 vikur í einu.

Námsþættir

Nemendur útbúa dúk og sauma þrjú mismunandi útsaumsspor í hring og/eða línur.

Útsaumssporin heita:

afturstingur

varpleggur

tunguspor

Nemendur læra einnig að þræða nálar og ganga frá endum

Aukaverkefni: bókamerki úr filtefni. Bútar saumaðir á filtefni og annað filtefni saumað bakvið.

Námsefni

Það efni sem nemendur nota fyrir þessi verkefni eru:

- javi
- perlugarn
- javanálar
- skæri
- filtefni

Námsmat

Notast er við símat sem byggir á þeim verkefnum sem eru tekin fyrir á tímabilinu og einnig eru ákveðin lykilhæfni metin. Niðurstöður birtast á hæfnikorti nemandans í Mentor þegar tímabilinu er lokið.

Tónmennt

Tónlist er snar þáttur í lífi og leið til sköpunar og tjáskipta, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og flutningur.

Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla.

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; til þess að þeir geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin lífi og notið hennar á uppbyggilegan og markvissan hátt.

Kennsluskipulag

Tónmennt er kennd tvisvar sinnum í viku 60 mínútur í senn í 6-7 vikna tímabil.

Kennt er í gegnum leiki og söng ásamt sýnikennslu og umræðum. Kennslustundirnar eru fjölbreyttar og skipulagið er eftirfarandi:

- Söngur og hreyfingar
- Dans og "body percussion"
- Tónfræði (hljóðfæri og tónlistahugtök) / Nemendabækur
- Tónlistargerð
- Hlustun og áhorf (meðal annars Sinfóníuhljómsveit Islands, Eurovision, söngleikir og tónlistarsögur)

Markmið tónmenntarkennslu í Vallaskóla er að efla samvinnu og félagsþroska nemenda; virkja eftirtekt, hlustun og samhæfingu hugar og handar; virkja sköpunargleði og efla hugsun um tónlist. Til að styrkja samkennd og halda skjátíma í lágmarki er ekki unnið með rafræn tónlistarforrit í 1. og 2. bekk.

Læsisstefna Árborgar:

Sérstök áhersla er lögð á hæfni sem stuðlar að lestrargetu, meðal annars að klappa atkvæði, söng á rímum textum og sameiginlegur hrynjandi talinn. Sérútbúnaðar söngbækur sem geta hvatt nemendur til að fylgjast með textanum.

Námsþættir

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmiðin í tónmennt fyrir 1.-4. árgangi í þrjú flokka:

- Söngur og hljóðfæraleikur: fjölbreyttur söngur, slagverkshljóðfæri, taktur, dans og hreyfing, samhæfing hugar og handar
- Sköpun og skráning: hljóðfæratónsmíðar, hljóðvinnsla
- Hlustun og greining: hljóðfæri, tónlistarstílar, grunnhugtök í tónlist

Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Námsefni

Nemendabók:

- Tónlist og líkaminn

Úr eftirfarandi bókum er valið efni notað:

- Tónlistin er þín - Auður Guðjohnsen
- Syngjandi Skóli
- Söngvasafn 1 & 2
- Töfrakassinn - Tónlistarleikir - Bryndís Bragadóttir
- Það var lagið

Hljóðfæri og tæki:

- Píanó
- Slagverkshljóðfæri
- Boomwhackers
- Úkúlele
- Blökkflautur
- Trommuset
- Hátalari og míkrafónn

Námsmat

Notast er við símat sem byggir á reglulegum verkefnum og könnunum.

Námsmat er lokamat og er skráð á hæfnikort nemandans í lok tímabilsins.